

Bókhald og þjónusta



Bjarkarhlíð

Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

680817-0300

**Ársreikningur
2025**

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar	3-4
Áritun óháðs skoðunarmanns	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Sundurliðanir	9-11
Lokaorð	12

Nafn: Bjarkarhlíð
Kennitala: 680817-0300
Heimilisfang: Bústaðavegi
Sveitarfélag: 108 Reykjavík

SKÝRSLA STJÓRNAR

Bjarkarhlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldis er samstarfsverkefni dómsmálaráðuneytis, félags- og húsnæðismálaráðuneytis, Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar, Kvennaathvarfsins, Stígamóta og Kvennaráðgjafarinnar og tók til starfa 1. febrúar 2017.

Markmið með starfi Bjarkarhlíðar er að veita þverfaglega ráðgjöf og stuðning, ásamt fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis, auk þess að gefa skýr skilaboð um að ofbeldi verði ekki liðið. Þjónustan er áfallamiðuð og er fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri.

Á árinu störfuðu þrír ráðgjafar hjá miðstöðinni. Mansalsmál voru fyrirferðarmikill hluti af starfsemi Bjarkarhlíðar 2025 en vinnan byggir á samkomulagi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið um samræmda velferðarþjónustu fyrir þolendur mansals. Haustið 2024 var ráðinn starfsmaður til að sinna þessu verkefni sérstaklega ásamt teymisstjóra. Hlutverk Bjarkarhlíðar er að kalla saman viðeigandi aðila þegar upp koma mansalsmál, eða þegar grunur vaknar um slíkt og samræma aðgerðir.

Bjarkarhlíð var einnig falið að veita þjónustu fyrir þolendur ofbeldis á Vesturlandi og Vestfjörðum og fékk styrk til að sinna því verkefni. Ráðinn var ráðgjafi í 50% starf fyrir þá fjármuni. Þjónusta var veitt á Ísafirði, Hólmavík, Patreksfirði, Akranesi og í Grundarfirði og Borgarnesi.

Reykjavíkurborg leggur miðstöðinni til húsnæði, Bjarkarhlíð við Bústaðarveg. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið, ásamt fleirum, leggja til fjármagn til rekstursins. Reykjavíkurborg, Garðabær, Mosfellsbær, Kópavogur, Kjósarhreppur og VIRK starfsendurhæfing styrktu starfsemina á árinu með fjárframlögum.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu leggur til árlegan rekstrarstyrk ásamt einu stöðugildi lögreglumanns sem er staðsettur í Bjarkarhlíð og sinnir ráðgjöf til brotaþola í málum sem lúta að réttarvörsluferfinu. Stígamót og Kvennaathvarfið annast ráðgjöf og stuðning fyrir einstaklinga í miðstöðinni og Kvennaráðgjöfin sinnir lögfræðiráðgjöf. Ýmis félagasamtök og einstaklingar hafa einnig lagt til fjármagn til að styrkja og efla Bjarkarhlíð og fyrir það allt er stjórnin þakklát.

Bjarkarhlíð hefur fest sig í sessi sem mikilvæg lágþröskuldaþjónusta og er gjarnan fyrsta skref þolenda til að leita sér aðstoðar í kjölfar ofbeldis. Styrkleikar Bjarkarhlíðar felast meðal annars í þverfaglegri þekkingu starfsfólks og nánú samstarfi þeirra viðbragðsaðila sem koma að þjónustu við þolendur ofbeldis.

Helstu áskoranir Bjarkarhlíðar snúa að því að tryggja stöðugt og fyrirsjáanlegt fjármagn til framtíðar, þannig að unnt sé að viðhalda og þróa þjónustuna í takt við þörf þolenda. Mikilvægt er að fjármögnun starfseminnar endurspegli það lykilhlutverk sem Bjarkarhlíð gegnir í þjónustukerfinu og tryggi áframhaldandi aðgengi þolenda að sérhæfðri og samræmdri aðstoð.

STJÓRNARMENN Í BJARKARHLÍÐ

Árið 2025 tók Eva Huld Ívarsdóttir tók við setu í stjórn í stað Þorbjargar I. Jónsdóttur hjá Kvennaráðgjöfinni og Eygló Harðardóttir tók að sér setu í stjórn í stað Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur frá dómsmálaráðuneytinu.

STJÓRN

- Þóra Jónasdóttir, formaður – lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
- Sigríður Björk Guðjónsdóttir – dómsmálaráðuneytið
- Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, Reykjavíkurborg
- Drífa Snædal,– Stígamót
- Lovísa Lilliendahl, félags- og húsnæðismálaráðuneytið
- Linda Dröfn Gunnarsdóttir, Kvennaathvarf
- Þorbjörg I. Jónsdóttir, Kvennaráðgjöfin

VARAMENN

- Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
- Eygló Harðardóttir, gjaldkeri, dómsmálaráðuneytið
- Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavíkurborg
- Hrafnhildur Sigmarsdóttir, Stígamót
- Ingibjörg Sigríður Elíasdóttir, félags- og húsnæðismálaráðuneytið
- Hildur Guðmundsdóttir, kvennaathvarf
- Eva Huld Ívarsdóttir ritari, kvennaráðgjöfin

SKOÐUNARMAÐUR REIKNINGA

Auður Lilja Erlingsdóttir

Stjórn Bjarkarhlíðar staðfestir ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík

Skoðunarmaður reikninga staðfestir ársreikning þennan með undirskrift sinni.

Reykjavík

ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bjarkarhlíð vegna ársins 2025.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sundurliðanir og sjóðstreymi. Hann er saminn eftir bókhaldi félagsins og upplýsingum frá eigendum þess og er í fullu samræmi við góða reikningsskilavenju og á hann á að gefa rétta mynd af rekstri félagsins og stöðu þess í árslok.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga, með það að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Framsetning ársreikningsins er með þeim hætti að allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Reykjavík

24.3.2026



Sigfús Bjarnason, viðskiptafræðingur

REKSTRARREIKNINGUR

	Skýr.	2025	2024
REKSTRARTEKJUR:			
Styrkir og framlög		70.431.710	88.591.971
Rekstrartekjur alls		<u>70.431.710</u>	<u>88.591.971</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld		64.533.777	52.356.857
Annar starfsmannakostnaður		1.284.196	577.240
Aðkeypt þjónusta		1.982.668	1.337.859
Annar rekstrarkostnaður		20.608.937	14.454.839
Rekstrargjöld alls		<u>88.409.578</u>	<u>68.726.795</u>
Afkoma án fjármagnsliða	(<u>17.977.868</u>)	<u>19.865.176</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:			
Vaxtatekjur		1.215.269	602.814
Vaxtagjöld	(<u>8.938</u>)	(<u>13.391</u>)
		<u>1.206.331</u>	<u>589.423</u>
Afkoma ársins	(<u>16.771.537</u>)	<u>20.454.599</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

	Skýr.	2025	2024
EIGNIR:			
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur		15.060.857	0
Handbært fé		6.254.418	39.818.966
Veltufjármunir alls		<u>21.315.275</u>	<u>39.818.966</u>
Eignir samtals		<u>21.315.275</u>	<u>39.818.966</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:			
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 01.01.		37.555.424	17.100.825
Afkoma ársins	(16.771.537)	20.454.599
Eigið fé alls		<u>20.783.887</u>	<u>37.555.424</u>
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Óreiddir reikningar		412.548	181.436
Ógreitt vegna starfsfólks		118.840	2.082.106
Skammtímaskuldir alls		<u>531.388</u>	<u>2.263.542</u>
Skuldir alls		<u>531.388</u>	<u>2.263.542</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>21.315.275</u>	<u>39.818.966</u>

SJÓÐSTREYMI

Handbært fé frá rekstri	2025	2024
Styrkir umfram gjöld (gjöld umfram styrki).....	(16.771.537)	20.454.599
Rekstarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi		
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	(16.771.537)	20.454.599
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	(15.060.857)	0
Aðrar skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	(1.732.154)	(571.930)
Handbært fé frá rekstri	(33.564.548)	19.882.669
Fjárfestingahreyfingar		
Fjárfestingahreyfingar	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Fjármögnunarhreyfingar	0	0
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(33.564.548)	19.882.669
Handbært fé í upphafi árs	39.818.966	19.936.297
HANDBÆRT FÉ Í LOK ÁRS	6.254.418	39.818.966

SUNDURLIÐANIR

	2025	2024
STYRKIR OG FRAMLÖG		
Ýmsir styrkir og framlög	813.800	5.090.469
Reykjavíkurborg, húsaleigustyrkur	10.290.719	5.927.498
Fyrirtækjastyrkir	3.260.524	0
Dómsmálaráðuneyti	0	10.000.000
Félags- og húsnæðismálaráðuneytið	36.816.667	38.030.004
Félags- og húsnæðismálaráðun. v.mansals	0	18.000.000
Félags- og húsnæðismálar. vesturverkefni	7.000.000	0
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu	1.350.000	960.000
Reykjavíkurborg	6.000.000	5.000.000
Kópavogur	0	750.000
Garðabær	800.000	800.000
Mosfellsbær	500.000	534.000
Kjósahreppur	100.000	0
VIRK-Starfsendurhæfingarsj.	3.500.000	3.500.000
Styrkir og framlög alls	70.431.710	88.591.971
LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD		
Laun	50.081.108	40.195.648
Bifreiðastyrkur	287.076	252.249
Íþróttastyrkur	144.000	92.750
Dagpeningar	1.367.154	688.720
Launatengd gjöld	3.622.395	2.909.485
Leiðréttur lífeyrissjóður frá fyrri árum	(69.938)	0
Lífeyrissjóðsframlag	6.677.542	5.371.623
Sjóðagjöld - mótframlag	1.408.241	1.248.059
Tryggingar starfsfólks	77.339	92.458
Endurmenntun og námskeið	161.200	0
Árshátíð og fl. vegna starfsfólks	297.660	0
Annar starfsmannakostnaður	0	365
Stjórnarlaun	480.000	270.000
Mansalsteymi, laun	0	1.235.500
Laun og launatengd gjöld alls	64.533.777	52.356.857
ANNAR STARFSMANNAKOSTNAÐUR		
Annar starfsmannakostnaður	36.970	0
Aðkeyptur akstur leigubifreiða	0	4.470
Námskeiðahald	5.880	255.000
Handleiðslur ráðgjafa	1.183.500	120.000
Endurmenntun starfsfólks	57.846	0
Ráðstefnur	0	47.500
Gjafir starfsfólks	0	150.270
Annar starfsmannakostnaður alls	1.284.196	577.240
AÐKEYPT ÞJÓNUSTA		
Handleiðsla	0	336.000
Túlkþjónusta	1.982.668	1.001.859
Aðkeypt þjónusta alls	1.982.668	1.337.859

SUNDURLIÐANIR

	2025	2024
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR:		
<i>Húsnæðiskostnaður:</i>		
Rafmagn	20.319	0
Hiti og Rafmagn	518.110	606.939
Öryggisgæsla	157.432	85.856
Húsaleiga	10.290.719	5.927.498
Vátryggingar	111.106	30.672
Viðhald húsnæðis	65.588	1.154.420
Húsgögn og skrifstofubúnaður	307.484	35.350
Hreinlætis-rekstrarvörur	40.668	288.917
Þrif og sorphirða	1.266.392	1.759.106
	<u>12.777.818</u>	<u>9.888.758</u>
<i>Rekstur áhalda og tækja:</i>		
Gjaldfærð áhöld og tæki	802.983	400.300
	<u>802.983</u>	<u>400.300</u>
<i>Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða:</i>		
Aðkeyptur akstur leigubifreiða	7.760	0
Bensín og olíur	0	144.407
Bílaleigubílar	0	291.312
Annar kostnaður	20.778	24.760
	<u>28.538</u>	<u>460.479</u>
<i>Skrifstofukostnaður:</i>		
Sími, internet	767.764	668.754
Kaffikostnaður	535.911	510.935
Burðargjöld	0	3.790
Pappír, prentun og ritföng	136.084	101.308
Blóm, myndir og gjafir	13.870	0
Rekstur tölvukerfis	1.420.532	982.056
	<u>2.874.161</u>	<u>2.266.843</u>
<i>Stjórnun og umsýsla:</i>		
Endurskoðun og reikningsskil	1.388.513	1.064.119
Ferðakostnaður	23.253	202.274
Ferðakostnaður erlendis	929.957	0
Funda- og viðskiptakostnaður	93.800	0
Aðildargjöld	7.200	44.850
Áskrift af Jotform	0	51.481
Auglýsinga- og markaðskostnaður	1.020.826	44.320
Gjafir og styrkir	6.140	0
Þjónustugjöld	23.657	31.415
	<u>3.493.346</u>	<u>1.438.459</u>
<i>Vesturverkefni:</i>		
Bílaleigubílar	343.124	0
Ferðakostnaður	288.967	0
	<u>632.091</u>	<u>0</u>
Annar rekstrarkostnaður alls	<u>20.608.937</u>	<u>14.454.839</u>
VAXTATEKJUR:		
Vaxtatekjur	1.215.269	602.814
Vaxtatekjur alls	<u>1.215.269</u>	<u>602.814</u>
VAXTAGJÖLD:		
Vaxtagjöld	(8.938)	(13.391)
Vaxtagjöld alls	<u>(8.938)</u>	<u>(13.391)</u>

SUNDURLIÐANIR

	2025	2024
SKAMMTÍMAKRÖFUR:		
Fyrirframgreidd laun	60.857	0
Óinnheimtur styrkur	15.000.000	0
Skammtímakröfur alls	<u>15.060.857</u>	<u>0</u>
HANDBÆRT FÉ:		
Landsbankinn 13108	5.855.685	2.332.652
Landsbankinn 7802	47.904	37.479.095
Fyrirframgr VISA *4389	350.829	7.219
Handbært fé alls	<u>6.254.418</u>	<u>39.818.966</u>
ÓGREIDDIR REIKNINGAR:		
Lánadrottinnar	412.548	181.436
Ógreiddir reikningar alls	<u>412.548</u>	<u>181.436</u>
ÓGREITT VEGNA STARFSFÓLKS:		
Ógreiddur lífeyrissjóður	35.173	1.234.135
Ógreidd staðgreiðsla	83.667	847.971
Ógreitt vegna starfsfólks alls	<u>118.840</u>	<u>2.082.106</u>

Árið 2025 sem er að líða hefur enn og aftur sýnt okkur mikilvægi þessa að standa vörð um réttindi, öryggi og vegferð þolenda ofbeldis. Starf Bjarkarhlíðar byggir á að hver einstaklingur eigi rétt á stuðningi, virðingu og trausti- á sínum eigin forsendum og á sínum hraða.

Árið 2024 tók Bjarkarhlíð að sér verkefni til tveggja ára sem snúa að mannsalsmálum og uppbyggingu verkefnis sem miðar að því að mæta þolendum á Vesturlandi og Vestfjörðum. Þessi þróun endurspeglar skýrt þá miklu og vaxandi þörf sem er fyrir sérhæfða og aðgengilega þjónustu um land allt.

Reynsla undanfarinna ára sýnir að eftirspurn eftir þjónustu Bjarkarhlíðar er stöðug. Það kallar á að starfsemin haldi áfram að þróast í takt við þarfir þjónustunotenda, með áherslu á gæði, skilvirkni og skýra verkaskiptingu.

Á árinu 2025 hefur þó einnig ríkt óvissa um fjármögnun starfseminnar. Áskoranir tengdar rekstrarfjármagni og skortur á fyrirsjáanleika varðandi áframhaldandi stuðning hafa haft áhrif á skipulag og langtímahugsun. Slík óvissa undirstrikar mikilvægi þess að tryggja stöðugt og varanlegt rekstrarumhverfi fyrir þjónustu sem þolendur ofbeldis reiða sig á á viðkvæmum tímum í lífi sínu.

Samstarf við aðrar stofnanir og grasrótarsamtök hefur áfram verið lykilþáttur í starfseminni. Þverfaglegt samstarf hefur sannað gildi sitt, meðal annars í aukinni þjónustuþörf, ánægju notenda og auknu öryggi þeirra sem til okkar leita. Þá hefur verið gott samstarf við aðrar þolendamiðstöðvar um allt land.

Árið 2025 hefur verið bæði lærdómsríkt og krefjandi í starfi Bjarkarhlíðar. Þörfin fyrir þjónustu við þolendur ofbeldis hefur áfram verið mikil og skýrt hversu mikilvægt er að tryggja stöðugt, aðgengilegt og faglegt stuðningsumhverfi fyrir þá sem til okkar leita.

Við þökkum starfsfólki, samstarfsaðilum og öllum þeim sem hafa stutt starfsemina á árinu fyrir ómetanlegt framlag. Saman getum við áfram unnið að samfélagi þar sem þolendur fá stuðning, réttlæti og raunveruleg tækifæri til bata.

Þóra Jónasdóttir

Formaður stjórnar Bjarkarhlíðar